

## Reglur vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimili sveitarfélags.

### 1. gr.

Nemendur sem eiga lögheimili í Dalvíkurbyggð skulu að jafnaði stunda nám í Grunnskólum Dalvíkurbyggðar og sækja leikskóla í leikskólum Dalvíkurbyggðar.

### 2. gr.

Forráðamaður nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám í leik- eða grunnskóla utan síns lögheimili sveitarfélags skal senda inn umsókn, á til þess gerðum eyðublöðum, til Skólaskrifstofu Dalvíkurbyggðar áður en barn hefur skólasókn í öðrum skóla.

### 3. gr.

Ef Dalvíkurbyggð samþykkir umsókn er einungis samþykki fyrir tímabundnu úrræði og aldrei lengur en eitt skólaár. Umsókn verður að endurnýja á hverju ári, og á það bæði við um leikskóla og grunnskóla.

### 4. gr.

Í samskiptum sveitarfélaga skal það vera meginreglan að komi fram ósk frá lögheimili sveitarfélagi um skólavist í öðru sveitarfélagi skal orðið við slíkri ósk.

Heimilt er að veita undanþágu frá skólagöngu í Dalvíkurbyggð af eftirtöldum ástæðum:

**a)** Forráðamenn óska eftir tímabundinni dvöl fyrir nemanda í grunnskóla í fyrra lögheimils sveitarfélagi. Að jafnaði er hér miðað við að nemendur eigi einungis eftir að ljúka 10. bekk.

**b)** Flutningur lögheimils forráðamanna stendur ekki fyrir dyrum. Í þann hóp falla t.d. börn námsmanna, sem tímabundið stunda framhalds- og háskólanám fjarri lögheimili og börn foreldra sem vegna tímabundinna starfa fjarri lögheimili, þurfa á námsvist í grunnskóla í öðru sveitarfélagi að halda.

**c)** Ef sérstök ósk berst frá félagsmálayfirvöldum að hagsmunum barnsins sé betur borgið í skóla/leikskóla utan lögheimils sveitarfélags.

**d)** Ef sviðstjóra fræðslu – og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar og félagsmálastjóri Dalvíkurbyggðar, telji hag barnsins betur borgið í námsvist fyrir utan lögheimili sveitarfélags.

### 5. gr.

Greiðslur Dalvíkurbyggðar með börnum í leik- og grunnskólum utan lögheimils sveitarfélags miðast við viðmiðunargjald sem útgefið er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Greiðslur vegna skólakostnaðar nemanda skulu inntar af hendi eftir hverja önn, sem nemandi nýtur kennslu í skóla, nema að sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á.



DALVÍKURBYGGÐ

**6. gr.**

Í gjaldinu skv. 5. gr. er falinn allur almennur skólakostnaður annar en viðbótarkostnaður vegna húsnæðis, sérkennslu, mótuneytis, skólaaksturs heimavistar eða annarra sérstakra aðstæðna. Um þann kostnað skal samið sérstaklega um leið og gengið er frá samkomulagi um skólagöngu nemanda milli lögheimils sveitarfélags og viðtökusveitarfélags svo og um annan kostnað sem er sannarlega umfram greiðslur skv. 3. gr. og framlag Jöfnunarsjóðs vegna nemandans.

**Athygli er vakin á því að ef barn stundar nám í skóla eða leikskóla þar sem gjöld eru af einhverjum ástæðum hærri en gengur og gerist, þá er niðurgreiðsla Dalvíkurbyggðar samt sem áður miðuð við viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og það er hverju sinni.**

Samþykkt í fræðsluráði 09.10. 2024.

Samþykkt í sveitastjórn 22.10.2024.